

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 86 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 10. mars 2021 kl. 17:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Birna Vído Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Ársreikningur 2020 -drög.**

Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársreikningi 2020.

*Niðurstaða: Framkvæmdastjóra er þökkuð kynningin.*

2. **Rekstur landgönguhúsa í Þorlákshöfn og Landeyjum.**

Viðræður eru hafnar við rekstraraðila um áframhaldandi umsjón um rekstur landgönguhúsa og afgreiðslu. Þeir ætla að koma með tillögu og hugmyndir að nýjum samningi um reksturinn.

*Niðurstaða: Fulltrúum félagsins er falið að halda viðræðum áfram.*

3. **Tæknimál.**

Ýmsar hugmyndir hafa komið upp varðandi tæknimál og sjálfvirkni í afgreiðslu.

*Niðurstaða: Fulltrúum félagsins er falið að fylgja eftir þeim hugmyndum sem upp hafa komið og kynna sér málin nánar.*

4. **Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður í apríl.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:05.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.